

KJARVAÐ

40% afsláttur

1679 HR. KG.
Móa kjúklingabringur

799 HR. KG.
Fiskibollur & borgarar forsteiktar

30% afsláttur

Goða folaldakjöt 2 tegundir

40% afsláttur

Goða blóómör ósoðin Goða lifrapsýla ósoðin

998 HR. KG.
Ýsuróllur fylltar

29 HR. PK.
Roka nðóllur 4 tegundir

119 HR. STR.
Líf safi 1 lítri

679 HR. STR.
Meistara massarínukaka

299 HR. PK.
Prins Pólo 4x52 g

1998 HR. PK.
Ariel Regular Compact 80 skammtar

399 HR. KG.
Perur

10% afsláttur

Kotasæla

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Porrablót
á **Klaustri 31. janúar.**
Nánar auglýst síðar.

Óska eftir
mjólkurkúm og kvígum
Nánari upplýsingar hjá **Sigurði**
í síma 487 8515

Orðsending frá
Vitanum

útgáfu Vitans seinkar í næstu viku, þ.e. hann verður unnin á miðvikudeginum 21. jan. og kemur þá út á fimmtudeginum 22. jan.
Vinsaml. ath. að efni berist kl. 9 á miðvikud. 21. jan.

Með kveðju, útg.

Vantar einhverjum AVON snyrtivörur

"AVON býður gæða vörur á viðráðanlegu verði.
"Veitir 100 % ábyrgð á vörunni.
"Hætti að nota dýr í tilraunaskyni fyrst snyrtivörfyfirirtækja.
"Styður baráttuna gegn brjóstkrabbameini á myndarlegan hátt.
Nánari uppl. í s. 891 7810

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík **mánudaginn 19. janúar n.k.**

Tímarpantanir í síma 480 5340

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð.

Verð á Klaustri 17. og 18. janúar laugardag og sunnudag Áhugasamir pantið tíma í síma

587-2999 eða 866-0474

Sigrún Inga

Málsháttur vikunnar

BETRA ER SEINT EN ALDREI

VITINN á www.sudurland.net

SMÁAUGLÝSINGAR

2. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 14. JANÚAR 2009

Kæru sveitungar

Vantar ykkur aukna orku, næringaríka máltíð og kannski að sjá á eftir nokkrum kílóum?

Ég er dreifingaraðili fyrir herbalife og get veitt nánari upplýsingar um vörurnar.

Kær kveðja
Hjördís Rut Jónsdóttir
Suður-Fossi

s: 4871494/8610294
sudur-foss@simnet.is



Sunnudaginn 18 janúar nk

frá 13:00 til 17:00

Verður handverksdagur í Tunguseli

Allir velkomnir með sitt handverk


Eigum góða stund saman

maður er manns gaman



Kaffi í boði kvenfélaganna

Kvenfélögin í Skaftártungu og Álftaveri.



BLAK

Erum byrjuð aftur eftir áramót með blakæfingar á **mánudögum og fimmtudögum kl 20:30** þetta eru opnir tímar fyrir konur og karla
Allir velkomnir.

Blak hópurinn



Eins og fram kom í síðasta Vita var íþróttamaður Skaftárhrepps árið 2008, valinn við hátíðlega athöfn á Þorláksmessu, það var Leifur Bjarki Erlendsson frá Seglbúðum f. 2. feb. 1990.

Leifur stundar nám í Verslunarskóla Íslands, en knattspyrnan hefur alla tíð verið hans áhugamál, en hann stundar hana hjá Val. (Sjá umsögn þjálfara hans í síðasta Vita)

Vitinn sendir Leifi Bjarka hamingjuóskir með titilinn.

Auglýst er eftir upplýsingum um smávirkjanir og áform um nýjar smávirkjanir í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ákveðið að við endurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2012 verði gerð grein fyrir smávirkjunum, allt að 200kW að hámarks afli. Markmiðið er að breyta aðalskipulaginu þannig að það lýsi á fullnægjandi hátt hvar smávirkjanir eru til staðar og um leið að gera ráð fyrir þeim smávirkjunum sem líklegt getur talist að verði byggðar á gildistíma skipulagsins.

Í þessari vinnu er mikilvægt að upplýsingar um þær smávirkjanir sem eru til staðar séu sem nákvæmastar. Því óskar sveitarstjórn Skaftárhrepps eftir upplýsingum um allar smávirkjanir sem eru til staðar, hvort sem þær eru í rekstri eða ekki. Staðsetning afkastageta, byggingarár, endurbyggingarár ef við á og upplýsingar um hvort þær séu í rekstri eru meðal upplýsinga sem þurfa að koma fram.

Til þess að fyrirbyggja það að ráðast þurfi í síðari breytingar á aðalskipulagi, óskar sveitarstjórn sömuleiðis eftir upplýsingum um áform um nýjar smávirkjanir. Staðsetning og áætluð hámarksafli eru þá þær upplýsingar sem óskað er eftir..

Til nánari fróðleiks um málið er vísað á erindi sem flutt var á aðalfundi raforkubænda í júní 2008. Erindið má nálgast á heimasíðu Skipulagsstofnunnar á veffanginu:

http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_skipulagsmal
Einnig er velkomnið að hafa samband við undirritaðan fyrir nánari upplýsingar.
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps



Auglýsing

deiliskipulags hluta Túnahverfis, Vík í Mýrdal.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi hluta Túnahverfis í Vík, samkvæmt. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Svæðið nær til reits sem afmarkast af lóðum beggja megin við nýja, götu sem í tillögunni er nefnd A-gata, austan við götuna Sigtún. Þessar götur liggja samsíða og við nýju götuna er gert ráð fyrir átta einbýlishúsalóðum. Vesturmörk reitsins miðast við lóðarmörk núverandi íbúðarhúsa við Sigtún.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17 frá og með miðvikudeginum 14. janúar nk. til og með miðvikudagsins 11. febrúar 2009.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 26. febrúar 2009. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps,
Sveinn Pálsson.

Frá Ásakórnum

Vorönn kórsins hefst mánudaginn 19. janúar

Fyrsta æfing verður í Tunguseli kl. 21:00

Nú hvetjum við alla sem gaman hafa af söng að koma því þetta er svo miklu meira en að syngja við kirkjulegar athafnir

Nú er t.d. mjög spennandi verkefni framundan

Sjáumst í Tunguseli 19. jan.

Stjórnin

Folalda- og trippasýning

Laugardaginn 24. janúar kl.13.00 stendur Hestamannafélagið Kópur fyrir folalda - og trippasýningu í reiðhöllinni Syðri-Fljótum.

Keppt verður í fjórum flokkum. Folaldaflokki sem eru tveir flokkar, hryssu- og stóðhestaflokkur. Síðan er trippaflokkur 1- 3ja vetra og er skipt í 2 flokka, hryssur og hestar. **Síðasti skráningardagur er fimmtudagurinn 22. janúar.**

Nánari upplýsingar og skráning er hjá:

Jóni Geir í síma 8655427 eða Kristínu Lár í síma 4874725.

Einnig er hægt að senda skráningu á netfangið hmf.kopur@gmail.com.

Skráningargjald er kr. 1000.

Dómnefnd velur eigulegasta gripinn
og áhorfendur fá líka að segja sína skoðun.

Skemmtiatriði

Kaffisala

Reiðnámskeið

Hestamannafélagið Kópur stendur fyrir reiðnámskeiði í reiðhöllinni Syðri-Fljótum 17., 18., 23. og 24. janúar nk.
Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Hægt verður að leigja hest eða geyma hest yfir nótt og fá járnaðan hest.
Nánari upplýsingar og skráning er hjá Kristínu Lárusdóttur í síma 4874725.

Verið ófeimin að hringja og fá upplýsingar.

Síðasti skráningardagur er 14. janúar.

Hestamannafélagið mun niðurgreiða námskeiðsgjaldið
fyrir félagsmenn Kóps 21 árs og yngri.

Mínum á heimasíðu Kóps:

www.hmf-kopur.bloggar.is

Er ekki tilvalið að lyfta sér upp í byrjun þorra, koma saman og hafa gaman.

Stjórn og æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Kóps

Orðsending frá Betri byggð.

Þar sem ég undirritaður hef þrásinnis verið spurður hvort nokkurs staðar liggja fyrir samþykkt hreppsendar um jarðgöng gegnum Reynisfjall sunnan Víkurkaup-túns, tel ég þörf á á þá fá birtar tvær samþykktir hreppsnefnda þar um, sem mun vera einu samþykktir sveitastjórna um jarðgöng gegnum Reynisfjall

FUNDARGERÐ

409. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn **fimmtudaginn 30. mars 2006 kl. 17:00** á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti, Elín Einaradóttir setti fund og stjórnaði.

4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 7. mars 2006.

Á fundinum var m.a. eftirfarandi bókað:
Skipulags- og byggingarnefnd er sammála um að gert verði ráð fyrir nýrri legu Hringvegur 1 sunnan Víkurþorps, um jarðgöng gegnum Reynisfjall og yfir mýrarnar norðan náttúruminjasvæðis og gegnum Geitafjall með tengingu inn á núverandi veg í námunda við afleggjara að Litla- Hvammi. Gert verði ráð fyrir vegi upp með Brandslæk og einnig veltengingu við Dyrhólaey austan Geitafjalls. Sjóvarnargarður sunnan Víkur verði lagður þannig að nægt rými verði fyrir veg og gönguleið milli íþróttavallar og sjóvarnargarðs. Sem mótvægisáðgerð vegna vega-gerðar yfir mýrarnar verði skoðað hvort endurheimta megi votlendi báðu megin hins nýja vegar þar sem um er að

ræða land óhæft til landbúnaðarnota. Nefndin telur ekki koma til álita að gera ráð fyrir Hringvegi 1 í gegnum Vík til allrar framtíðar og telur einnig að ekki sé raunhæft að gera jarðgöng við Borgarhól norðan Víkur. Gangnamunni í Reynisdal eða norðan Hnúksins við Reyni kemur vart til greina vegna nálægðar við mannvirki og vegna mikillar umferðar um Reynishverfisveg sem liggur um bæjarhlað að Lækjarbakka og Reyni. Nefndin er einnig sammála að veglína og tenging við Víkurskála verði skoðuð nánar með tilliti til þeirrar starfsemi sem fram fer á því svæði.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð skipulags- og byggingarnefndar. Sveinn vék af fundinum undir lið 6.

Fundi slitið kl. 23:00

Elín Einaradóttir oddviti, Bryndís F. Harðardóttir varaoddviti, Sveinn Pálsson, Sif Hauksdóttir, Karl Pálmason.

FUNDARGERÐ

131. fundar skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 7. mars 2006 kl. 20:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skipulags- og byggingarnefndar, Jón Hjálmarsson varaslókkviliðsstjóri og Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi. Sigurjón Rútsson mætti ekki.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ritaði fundargerðina á tölvu. Formaður, Sigurður Hjálmarsson setti fund og stjórnaði.

6. Aðalskipulag 2005-2025

a) Hringvegur 1 um Mýrdal

Á kynningarfundum í Leikskálum þann 14. nóvember 2005 voru kynntar hugmyndir um nýjar veglínur Hringvegur 1 um Mýrdal og

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Kirkjuskólinn í Mýrdal byrjar starfið á nýju ári með samveru í grunnskóla Mýrdalshrepps laugardaginn 17. jan. 2009, kl. 11:15 - 12:00

Nýjar og fallegar kirkjuskólábækur, límmiðar og aukablöð til að lita og teikna. Við heyrum sögur úr Biblíunni og syngjum nýja og gamla kirkjuskólasöngva upp úr nýrri Sálmaþók barnanna sem við höfum nú eignast.

Höldum einnig áfram með fjársóðskistuna sem við opnum í hverri samveru.

Verið nú dugleg að mæta og bjóðið fullorðna fólkinu með. Minnið líka alla sem þið þekkið á Kirkjuskólasamverurnar.

Sr. Haraldur M. Kristjánsson

Víkurkirkja í Mýrdal



Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju í Mýrdal nk. sunnudag, 18. janúar 2009 kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Væntanleg fermingarbörn næsta vors sérstaklega hvött til að mæta með foreldrum og forráðamönnum.

Fjölmennum til kirkju.

Sr. Haraldur M. Kristjánsson

Hjallatún í Vík

Helgistund verður á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík nk. sunnudag, 18. janúar kl. 15:00.

Félagar úr Samkór Mýrdælinga syngja undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Sr. Haraldur M. Kristjánsson

Snyrtistofan í Vík

Kæru viðskiptavinir opna Snyrtistofuna aftur 14. janúar
í sumarhúsi númer 4 við Hótel Vík.

Opið frá 13-18 alla virka daga
(eða eftir samkomulagi).
Tímarpantanir í síma 868 3642.

Hlakka til að sjá ykkur.
Kveðja Magga



Sunnudagaskólinn á Klaustri

Sunnudagaskólinn hefst 18. janúar kl. 11.00
í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar.



Hlakka til að sjá ykkur.
Sóknarprestur

Prestsbakkakirkja

Guðspjónusta verður í Prestsbakkakirkju
sunnudaginn 18. janúar kl. 14.00.

Kirkjukór Prestsbakkakirkju leiðir söng
undir stjórn Brians Roger Haroldssonar.

Sóknarprestur.



óskað eftir umsögnum um hugmyndirnar og jafnframt óskað eftir nýjum hugmyndum. Um 10 umsagnir bárust auk undirskriftalista. Áður hafði borist ályktun hagsmunaaðila í Dyrhólahverfi og nágrenni. Hugmyndirnar ásamt umsögnum, ályktunum og undirskriftalistum voru sendar Vegagerðinni og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. nóvember 2005.

Umsögn Vegagerðarinnar barst með bréfi dags. 19. janúar 2006 og umsögn Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 17. febrúar 2006.

Vegagerðin telur að næsta skref sé að endurbæta núverandi veg um Mýrdal og Reynisfjall en lýsir yfir stuðningi við að í aðalskipulagi sé gert ráð fyrir jarðgöngum sem framtíðarlausn. Vegagerðin reiknar með að vegurinn verði sunnan Víkurþorps og norðan náttúruminjasvæðis við Dyrhólaós og í gegnum Geitafjall þó að aðrir kostir komi einnig til skoðunar svo sem annað hvort sunnan eða norðan Geitafjalls. Vegagerðin bendir á að nægjanlegt rými þurfi að vera fyrir veginn á milli sjóvarnargarðs og ípróttavallar í Vík og að ekki komi til greina að sveigja veginn inn að Vík heldur skuli vegurinn vera sem beinastur og aðrar tengingar sveigðar inn á hann.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að finna leið sem bæði tekur tillit til náttúruverndar og umferðaröryggis og að ekki verði litið á þessa þætti sem andstæða og ósamræmanlega. Stofnunin minnir á að samkvæmt stefnumótun íslenskra stjórnvalda í sjálfbærri þróun sé lögð sérstök áhersla á verndun votlendis og endurheimt þess og að forðast beri eins og kostur er að skerða frekar votlendi og önnur lykilvistkerfi. Í stefnumörkuninni kemur fram að þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Bent er á að erfitt geti verið að beita þessari reglu þar sem um er að ræða vötn eða grunnsævi og því verði að fylgja enn íhaldsamari stefnu hvað varðar slík svæði.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vernda beri Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjörur við Dyrhólaey og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild, enda um að ræða svæði sem er mikilvægt fyrir fuglalíf og svæði sem nýtur vinsælda meðal ferðamanna.

Stofnunin er ekki mótfallin breytingum á Hringveginum um Mýrdal en telur að skoða verði mun betur hvort ekki megi bæta samgöngur með viðunandi hætti með lagfæringum á núverandi vegi. Verði vegurinn færður eigi að leggja hann þannig að nýr vegur liggja utan við það svæði sem er á náttúruminjaskrá, auk þess sem forðast verði að raska votlendi.

Skipulags- og byggingarnefnd er sammála um að gert verði ráð fyrir nýrri legu Hringvegar 1 sunnan Víkurþorps, um jarðgöng gegnum Reynisfjall og yfir mýrarnar norðan náttúruminjasvæðis og gegnum Geitafjall með tengingu inn á núverandi veg í námunda við afleggjara að Litla-Hvammi. Gert verði ráð fyrir vegi upp með Brandslæk og einnig vegtengingu við Dyrhólaey austan Geitafjalls. Sjóvarnargarður sunnan Víkur verði lagður þannig að nægt rými verði fyrir veg og gönguleið milli ípróttavallar og sjóvarnargarðs. Sem mótvægisáðgerð vegna vegagerðar yfir mýrarnar verði skoðað hvort endurheimta megi votlendi báðu megin hins nýja vegar þar sem um er að ræða land óhæft til landbúnaðarnota. Nefndin telur ekki koma til álita að gera ráð fyrir Hringvegi 1 í gegnum Vík til allrar framtíðar og telur einnig að ekki sé raunhæft að gera jarðgöng við Borgarhól norðan Víkur. Gangnamunni í Reynisdal eða norðan Hnúksins við Reyni kemur vart til greina vegna nálægðar við mannvirki og vegna mikillar umferðar um Reynisverfisveg sem liggur um bæjarhláð að Lækjarbakka og Reyni. Nefndin er einnig sammála að veglína og tenging við Víkurskála verði skoðuð nánar með tilliti til þeirrar starfsemi sem fram fer á því svæði.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 00:00

Sigurður Hjálmarsson, Sigurjón Eyjólfsson
Sveinn Þórðarson, Steinþór Vigfússon Sigurjón
Rútsson, Jón Hjálmarsson, Sveinn Pálsson.

VISA VIKUNNAR

Þorri karlinn þykkum snjá
þekur fjallaleiðir.
Fagra mjallar feldinn á
foldu alla breiðir.

Höf: Vilborg Guðmundsdóttir frá Sandasefi f. 1893

FUNDARGERÐ

425. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 28. júní 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

2. Fundargerð 142. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 21. júní 2007.

Á fundinum var m.a. fjallað um veglínur, göngu- og reiðleiðir vegna aðalskipulags. Fyrir lá bréf Vegagerðarinnar þar sem gerðar eru tillögur að nýjum veglínum Hringvegur um Mýrdal, en Mýrdalshreppur hafði óskað eftir að Vegagerðin skoðaði nánar tvær veglínur í samráði við Umhverfisstofnun og Siglingastofnun, aðra sunnan byggðar í Vík og sunnarlega um Reynishverfi og hina um núverandi veg gegnum Vík, um göng við Borgarhól og norðarlega um Reynishverfi. Vegagerðin gerir tvær tillögur að veglínunum sem falla reyndar saman á vestari hluta svæðisins.

Skipulags- og byggingarnefnd telur að tillaga Vegagerðar um að fara með veginn um Reynisdal sé óásættanleg og var sammála um að tekin yrði afstaða milli veglína 5 og 6 á fyrirliggjandi uppdrætti. Þrjár greiddu atkvæði með línu 5 og tveir með línu 6.

Skipulags- og byggingarnefnd er þar með sammála um að leggja til að veglína 5 verði færð inn á aðalskipulagstillögu til umfjöllunar og afgreiðslu, þó með þeirri breytingu að fylgt verði tillögu Vegagerðarinnar vestan Brandslækjar.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga skipulags- og byggingarnefndar um veglínunni verði tekin sérstaklega til afgreiðslu.

Tillagan er samþykkt með þremur atkvæðum (Elín Einarsdóttir, Karl Pálmason, Björgvin Jóhannesson) gegn tveimur (Sveinn Pálsson, Þórhildur Jónsdóttir).

FUNDARGERÐ

142. fundar skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Fimmtudagur 21. júní 2007 kl. 20:30.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn skipulags- og byggingarnefndar ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

Formaður, Sveinn Þórðarson bauð fundarmenn velkomna setti fund og stjórnadi.

4. Aðalskipulag Veglínur.

Sveinn Pálsson víkur af fundi meðan á umræðum og atkvæðagreiðslu stendur.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 12. janúar 2007 var samþykkt að óska eftir að Vegagerðin skoðaði nánar tvær veglínur, aðra sunnan byggðar í Vík og sunnarlega um Reynishverfi og hina um gögn við Borgarhól og norðarlega um Reynishverfi. Með bréfi dags. 5. júní 2007 sendir Vegagerðin niðurstöður athugunar stofnunarinnar á heppilegri legu Hringvegur um Mýrdal. Auk starfsmanna Vegagerðarinnar komu starfsmenn Umhverfisstofnunar og Siglingastofnunar að málinu.

Vegagerðin gerir tvær tillögur að veglínunum sem falla reyndar saman á vestari hluta svæðisins. Ný veglína greinist frá núverandi Hringvegi við vegamót Hringvegur og Dyrhólavegar, fer gegnum Geitafjall, áfram rétt norðan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og fylgir síðan svokölluðum Engjavegi að Þórissholti. Milli Þórissholts og Lækjarbakka greinast veglínurnar, sú nyrðri fer um norðanverðan Reynisdal að jarðgöngum sem kæmu út við Borgarhól Víkurmegin og á núverandi Hringveg við Mýrarbraut. Syðri línan færir um sunnanverðan Reynisdal og kæmi út við Blánef sunnan Víkur, vegurinn lægi síðan með sjóvarnagarði sunnan Víkur og kæmi inn á núverandi Hringveg við Víkurskála. Í minnisblaðinu kemur fram að Umhverfisstofnun vilji hlífa Dyrhólaósnun sem mest og að veglína sé eins norðarlega og unnt er, helst norðar en Vegagerðin leggur til. Siglingastofnun telur gælt að verja veg sunnan Víkurkaupstúns svo viðunandi sé, vegvarnargarður yrði þó allur viðameiri og dýrari en sjóvarnargarður.

Ætti að færa garðinn framur en gert hefur verið ráð fyrir yrði hann ennþá dýrari. Gert er ráð fyrir

að framkvæmdir við sjóvarnargarð hefjist eftir tvö til þrjú ár og gert er ráð fyrir framlagi til þess á samgönguáætlun. Vegagerðin leggur ekki fé í vegvarnargarð fyrr en tekin hefur verið ákvörðun um jarðgangnagerð sunnan Víkur. Álit Vegagerðarinnar er að öryggi vegarins verði meira með nyrðri leiðinni.

Fram fóru umræður um veglínur 1 - 7 sem sýndar eru á fyrirliggjandi uppdrætti.

Nefndarmenn telja að tillaga Vegagerðar um að fara með veginn um Reynisdal sé óásættanleg og voru sammála um að tekin yrði afstaða um veglínur 5 og 6. Þrjár greiddu atkvæði með línu 5 og tveir með línu 6.

Nefndin er þar með sammála um að leggja til að veglína 5 verði færð inn á aðalskipulagstillögu til umfjöllunar og afgreiðslu, þó með þeirri breytingu að fylgt verði tillögu Vegagerðarinnar vestan Brandslæks. Í tillögu 5 er gert ráð fyrir að sjóvarnargarður færast sunnar en nú er og að nýr vegur tengist inn á núverandi Hringveg norðan Víkurskála. Nefndin leggur áherslu á að við hönnun vegarins verði tekið sérstakt tillit til hljóðmengunar og að vegurinn falli vel að umhverfinu.

Fundi slitið kl: 24:00

Helga Ólafsdóttir, Sveinn Þórðarson form., Þráinn Sigurðsson, Páll Tómasson, Karl Pálmason, Sveinn Pálsson Skipulags- og byggingarfulltrúi.

F.h. stjórnar Betri Byggðar
Jóhannes Kristjánsson formaður

Söngáhugafólk í Mýrdal og nágrenni.

Samkór Mýrdælinga er að hefja sitt annað starfsár um þessar mundir.

Verið er að leggja drög að vetrarstarfinu, og skoða með samstarf við aðra kóra, ferðalög ofl.

Kórinn æfir 1.sinni í viku á miðvikudagskvöldum kl: 20.30.

Næsta æfing verður í Skeiðflatarkirkju 14.01.2009

Kórstjóri er Kári Gestsson.

Alltaf gaman að sjá nýtt fólk

Stjórnin.

VEGUR UM VEG.....

Mig langar að þakka Þóri Kjartanssyni fyrir ágæta grein um vegamál í síðasta Vita.

Þó langar mig að gera smáathugasemd við fullyrðingar hans um íbúa í útmýrdalnum sem myndu hafa hvað mest hagræði af breyttri veglínu.

Ég leyfi mér að fullyrða að enginn íbúi Mýrdalshrepps, utan Gatnabrúnar, sem á börn í skólabílunum, sé andstæðingur breyttrar veglínu, heldur einarðir stuðningsmenn og sama leyfi ég mér að fullyrða um þá sem sækja vinnu í Vík.

Þegar við leggjum saman hörðustu andstæðingana og svo fólk með þarf að nota þennan veg á hverjum degi, hvernig sem viðrar, leyfi ég mér að hallast að því að út-koman yrði 0,0

Hinsvegar held ég að öðru máli skipti um þá sem ekki eiga börn í skóla og geta sjálfir skroppið í búð og banka þegar veður er gott, ég tala nú ekki um þá sem aldrei eru hér nema þegar veður er blíðast og best á sumr-in.

Sjónarmiðið um veðravítið er enn í fullu gildi, en við höfum víst ekki nógu hátt sem erum þeirrar skoðunar.

Með bestu kveðju
Guðný Sigurðardóttir

**Ný netverslun -
www.fallegfot.com**

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum
fötum, sendi um land allt.*